



Bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna

Púlsinn - bráða- og viðbragðsteymi er fyrir börn á aldrinum 10–18 ára sem beita eða hóta líkamlegu ofbeldi og fjölskyldur þeirra. Púlsinn er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Barna- og fjölskyldustofu.

Skóli, félagsmiðstöð, félags- og barnaverndarþjónusta, lögregla og aðrir sem veita börnum þjónustu geta virkjað Púlsinn. Hann starfar tímabundið í máli hvers barns, allt frá nokkrum dögum upp í nokkrar vikur, í samstarfi við lögheimilissveitarfélag.

Púlsinn bregst hratt við og leitast við að afstýra hættu á frekara ofbeldi. Púlsinn hefur það markmið að bregðast við hótunum og ofbeldi sem eru birtingarmynd áhættuhegðunar í félagslegu samhengi. Hótunum eða ofbeldi þarf að hafa verið beitt af ásetningi eða til varnar gegn yfirstandandi ógn til að Púlsinn komi að málum.

Þjónusta teymisins er sniðin að þörfum hvers barns fyrir sig. Í Púlsinum starfa einstaklingsráðgjafar, sálfræðingar og félagsráðgjafar sem veita börnum og fjölskyldum þeirra stuðning. Þjónustan getur meðal annars falið í sér uppeldisráðgjöf inn á heimili, stuðning á skólatíma, tímabundna þjónustu utan skóla á skólatíma, einstaklingsstuðning og sálfræðiþjónustu.